

Miklar breytingar í ljósgjöfum, segir Guðjón L. Sigurðsson lýsingarhönnuður hjá Verkís



Mjög spennandi að skipta yfir í ljóstvista, segir Guðjón L. Sigurðsson lýsingarhönnuður hjá Verkís.

Spennandi að skipta yfir í ljóstvista

Miklar breytingar eru að eiga sér stað í ljósgjöfum. Evrópu-bandalagið hefur bannað sölu og framleiðslu mattra glópera stærri en 60W og samskonar bann verður lagt á nokkrar aðrar tegundir pera, svo sem kvikasilfur- og natríumpera. Til að mæta þessu hafa framleiðendur bent á sparperur sem eru samanpakkaðar flúrperur með ljósdíóðum.

Ljósgæðin eru oft lakari

„Framleiðendur hafa haldið notkun sparpera á lofti og segja þær spara orku og peninga. Þetta mætti til sanns vegar færa, en ljósgæðin eru oft talsvert lakari. Það ætti að forðast að nota þær í t.d. stiga-húsum eða þar sem kveiktími er stuttur því það getur tekið þær tvær til þrjár mínútur að ná fullum ljóstyrk,“ segir Guðjón L. Sigurðsson, lýsingarhönnuður hjá Verkís og formaður Ljóstækni félags Íslands.

Nú eru einnig að koma á markaðinn díóðuperur, sem íslenskufræðingar vilja kalla ljóstvista. Segir Guðjón nokkuð öruggt að þeir séu ljósgjafar framtíðar því mikil vinna

verði lögð í þróun þeirra. Þeir séu notaðir víða í dag svo sem í götu-, skraut- og skiltalýsingu, billjósum og jafnvel í almennri heimilisnotkun.

„Ljóstvistar hafa verið of dýrir til að þeir geti keppt við aðra ljósgjafa nema í undantekningartilvikum. Verðið á þó eftir að lækka um talsvert og hefur verið rætt um að eftir tvö til fjögur ár muni þeir aðeins kosta um fjórðung af því sem nú er,“ segir Guðjón.

Smæð og nýtni

Helstu kostir ljóstvista eru smæð þeirra og nýtni. Ljóstími geti verið allt að 100 þúsund klukkustundir meðan ending hefðbundinnar glóperu er mest um tvö þúsund stundir og sparperu um fimmtán þúsund. Ekki eru til neinar alþjóðlegir framleiðslustaðlar fyrir ljóstvista eða lampa sem nota þá. Þeir eru þó í undirbúningi en á meðan eru upplýsingar framleiðenda misvísandi og stundum beinlínis rangar eða villandi.

Ljóstvistar hafa verið of dýrir til að þeir geti keppt við aðra ljósgjafa nema í undantekningartilvikum.

Algeng viðmið fyrir ljóstvista er endingartími og nýtni. Ljóstvistar eru þannig að það slokknar ekki endilega á þeim eins og á hefðbundnum perum en ljóstreymi minnkar eftir því sem klukkustundunum fjölga. Stundum geta þeir verið búnir að tapa allt að 20% eftir eitt til tvö þúsund klukkustundir en

verða síðan talsvert stöðugir í langan tíma. Þess ber þó að geta að fylgibúnaður sem þarf til að knýja ljóstvistana, s.s. spennar og aflgjafar, endast oft talsvert skemur en tvistarnir sjálfir.

Spennandi að skipta

„Það getur verið mjög spennandi að skipta yfir í ljóstvista, sérstaklega þar sem viðhald er dýrt eða erfitt að komast að perum. Menn skyldu hafa varann á sér og skoða mál vandlega áður en ráðist er í fjárfrekar aðgerðir því oft hafa menn setið uppi með köttinn í sekknum,“ segir Guðjón L. Sigurðsson.





Ofurstór ljósapera sett upp á förnum vegi suður í Hafnarfirði



Gló- og sparperur eru gjörólíkar og orkunotkun eftir því.